

Sjúklingar verða fyrir barðinu á sparnaði Heilbrigðisráðuneytis

- o Tillögur Heilbrigðisráðuneytis um lækkun lyfjakostnaðar einkennast af ráðaleysi
- o Kostnaðarvanda ríkisins velt yfir á sjúklinga og apótek í landinu
- o Afslættir sjúklinga teknir eignarnámi
- o Ný og fullkomnari lyf aðeins á færi hinna efnameiri

Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt aðgerðir sem lækka eiga lyfjakostnað ríkisins um 450 milljónir króna á ársgrundvelli. Aðgerðirnar eru í meginráttum tvíþættar. Annars vegar ætlar ríkið að lækka greiðsluþátttöku sína í þremur lyfjaflokkum; magalyf, hjartalyf og geðlyf og hins vegar að lækka álagningu í heildsölu og smásölu.

Þetta mun hafa eftirfarandi áhrif:

Fyrir lyfjaverslunina:

Sparnaður ríkisins mun hafa í för með sér um 600-700 milljóna króna veltuminnkun hjá apótekum í landinu og fylgjandi framlegðarlækkun. Ríkið hefur ekki lagt fram tillögur um hvernig apótekin eigi að mæta þessari tekjuskerðingu. Ríkið hefur ekki heldur lagt fram tillögur um hvernig minnka mætti kostnað af smásölu hérlandis með því að leggja mætti af ýmsar sérkröfur. Kröfur til lyfjaverslana um t.d. um húsnæði og fjölda lyfjafræðinga eru mun meiri en annarstaðar á Norðurlöndunum, eins og Ríkisendurskoðun benti á í nýlegri skýrslu. Í sömu skýrslu hefur Ríkisendurskoðun komist að þeirri niðurstöðu að álagning og hagnaður smásala á Íslandi sé með eðlilegum hætti.

Fyrir sjúklinga:

Áætlað er að smásalar veita árlega um 500 milljónir króna í afslætti til sjúklinga. Hörð verðsamkeppni ríkir á markaðnum, sem sjúklingar hafa notið góðs af. Þessir afslættir renna helst til ellilífeyrisþega og öryrkja. Komi tillögur um sparnað ríkisins til framkvæmda sjá lyfsalar ekki aðra leið en að ganga verulega á þessa afslætti. Þannig mun í reynd lyfjaverð til sjúklinga hækka en ekki lækka og ríkið því að taka afslætti sjúklinga eignarnámi. Sparnaður ríkisins verður því á kostnað sjúklinga.

Með því að miða greiðsluþátttöku við ódýrustu og oft á tíðum elstu lyfin mun það aðeins vera kostur þeirra efnameiri að njóta lyfjameðferðar nýjustu og fullkomnustu lyfja.

Sjúklingar hafa því þrjá kosti:

1. Halda sig við núverandi lyf t.d. Zocor 40mg 98 stk, sbr. tafla að ofan, en greiða sem nemur kr. 8709, eða 633% meira fyrir sinn hlut.
2. Skipta yfir í ódýrasta lyf í viðkomandi flokki í samráði við lækni, sem ekki er endilega heppilegasta lyf fyrir lyfjameðferð viðkomandi og hefur oft á tíðum í för með sér aukaverkanir og skert lífsgæði.
3. Læknir sækir um aukna greiðsluþátttöku til ríkisins fyrir sjúkling vegna núverandi lyfs. Slíkt mun einungis verða veitt ef sérstaklega stendur á.

Lokaorð

Það er eðlilegt að ríkið leiti leiða til að lækka lyfjakostnað sinn. Apótek í landinu eru að sjálfsögðu tilbúin til að vinna með ríkinu að því markmiði. Hins vegar er það mat okkar að ráðaleysi og skammsýni marki þær tillögur sem nú eru komnar fram. Afleiðingar þeirra verða verstar fyrir þá sem síst skyldi, aldraða, öryrkja og fólk með króniska sjúkdóma. Ríkisstjórnin fer hér út á nýja braut sem draga mun línu milli þeirra efnaminni og efnameiri í vali á lyfjameðferð og lífsgæðum.